



LUNDARSKÓLI

ÁBYRGÐ – VIRÐING - VELLÍÐAN

INNRA MAT LUNDARSKÓLA 2018 – 2019

Matsáætlun og matsskýrsla

Samantekt: Maríanna Ragnarsdóttir og
Birna Margrét Arnþórsdóttir

Innihald

Innra mat Lundarskóla.....	3
Matsáætlun 2018 – 2019	3
Fjölgreindarleikar	4
Bekkjarfundir – námskeið.....	5
Árshátíð	6
Teymisvinna árganga.....	7
Nefndir/teymi og þróunarhópar	7
SMT í Lundarskóla	8
Heilsueflandi grunnskóli	8
Læsi til náms.....	9
Samstarfsverkefni Erasmus Plus og Nord Plus Junior	10
Tækni í námi 1. og 2. bekkjar.....	12
Eineltis- og lausnateymi.....	13
Hátíðarnefnd	14
Niðurlag	15

Innra mat Lundarskóla

Um innra mat í skólum segir m.a. í grunnskólalögum "Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður innra mats skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Matsáætlun 2018 – 2019

Matsverkefni	Hvernig á að meta	Hver sér um matið	Þátttakendur	Hvenær á að meta
Fjölgreindarleikar	SVÓT greining	Íþróttakennarar	Allt starfsfólk	September 2018
SMT-aga stefna	Matsblað og niðurstöður úr SET listum	SMT	Kennarar	Vor 2019
Árshátíð	SVÓT greining	Hátíðarnefnd	Allt starfsfólk	Mars 2019
Mat á skólastarfi	Skólapúlsinn	Deildarstjóri eldri deildar/Jóhannes	Nemendur	Allt skólaárið
Mat á skólastarfi	Skólapúlsinn	Deildarstjóri eldri deildar/Jóhannes	Foreldrar	Allt skólaárið
Mat á skólastarfi	Skólapúlsinn	Deildarstjóri eldri deildar/Jóhannes	Starfsmenn	Allt skólaárið
Læsi til náms, þróunarhópur	Umræður, kynning og skýrsla	Þróunarhópur	Þróunarhópur í um læsi, Læsi til náms	Vor 2019
Þróunarhópur 1. - 2. bekkjar, tölvur í námi og kennslu	Umræður, kynning og skýrsla	Þróunarhópur	Þróunarhópur	Vor 2019
Samstarfsverkefni Erasmus Plus og Nord Plus Junior	Umræður, kynning og skýrsla	Þróunarhópur	Þróunarhópur	Vor 2019

Öryggis og jafnrétti	Umræða og skýrsla	Öryggis og jafnréttisnefnd	Öryggis og jafnréttisnefnd	Vor 2019
Heilsueflandi grunnskóli	Umræður, kynning og skýrsla	Teymi um heilsueflandi grunnskóla	Teymi um heilsueflandi grunnskóla	Vor 2019
Stærðfræði þróunarverkefni	Umræður, kynning og skýrsla	Leiðtogi verkefnisins	Þróunarhópur í stærðfræði	Vor 2019
Mat á námi og kennslu	Kynningar og skýrsla teyma	Teymi árganga	Teymi árganga	Vor 2109, skýrslur teyma á í rafrænu formi á sameiginlegu svæði skólans
Mat á námskeiði fyrir kennara um fyrirkomulag bekkjarfunda	SVÓT greining	Matsnefnd	Allir kennarar	Október 2018 og janúar 2019
Mat á stöðu nemenda í Lundarskóla í lestri, íslensku, ensku og stærðfræði	samanburði við aðra nemendur á landinu skv. samræmdum prófun og lesferli	Deildarstjórar og sérkennari	Samræmd próf 4., 7. Og 9. bekkur Lesferill allir nemendur	Lok nóvember og lok apríl október, febrúar og lok maí

Fjölgreindarleikar

Fjölgreindarleikar Lundarskóla voru haldnir 11. september. Leikarnir tókust nokkuð vel og skipulagið ágætt. Í innra mati skólans á Fjölgreindarleikunum kom fram að styrkleikar voru mun fleiri en veikleikar. Niðurstöður úr matinu eru eftirfarandi:

Veikleikar: Mikilvægt er að allir fari eftir skipulaginu. Breytingar skulu ekki gerðar eftir að skipulagið hefur verið kynnt fyrir starfsfólki skólans. Allir kennarar þurfa að kynna sér skipulagið vel, staðsetningar á stöðvum og hvert nemendur eiga að fara þegar þeir skipta um stöð. Að morgni dags er einnig mikilvægt að nemendur skili sér út í hópana á réttum tíma til að starfið geti hafist á réttum tíma samkvæmt skipulagi.

Styrkleikar: Kennarar voru almennt ánægðir með stöðvarnar sem voru í boði, verkefni fjölbreytt og skemmtileg. Skipulag var gott, lengd stöðva hæfileg ásamt fjölda þeirra. Gott að hafa þrískip skipulag þar sem nemendur fara á ólíkum tíma í mat. Einnig var starfsfólk ánægt með að fá “gott með kaffinu”.

Þátttaka nemenda í leikunum mjög góð og þeir voru ánægðir með daginn. Eldri nemendur báru ábyrgð á yngri nemendum og gerðu það vel. Í matinu kom einnig fram að flestir hópstjórar héldu vel utan um hópinn en mikilvægt er að brýna fyrir yngri nemendum að fara eftir fyrirmælum eldri nemenda og hlýða þeim.

Starfsfólk skólans og nemendur eru almennt ánægðir með Fjölgreindarleikana og til að þeir skili tilætluðum árangri og markmiðum er mikilvægt að allir fari eftir skipulagi og kynni sér það vel. Til að koma í veg fyrir óskipulag er hugmynd um að láta hópstjórana, nemendur úr 10. bekk fá ítarlegt skipulag yfir röð og staðsetningu stöðva. Þar sem nemendur þurfa að ferðast oft á milli stöðva er gott að hafa stutt á milli þeirra svo að það fari minni tími í ferðalög og nemendur ruglast síður á því hvert þeir eiga að fara. Einnig er gott að hafa jafnvægi á milli inni og útistöðva ásamt því að hafa stöðvar sem höfða til ólíkra greinda, með ólík markmið. Á leiknum í ár var í fyrsta skipti farið í nafnaleik í upphafi dags og það kom vel út. Nemendur lærðu nöfnin fljótt og vel. Þess ber að geta að gott er að samræma nafnaleikinn þannig að allir nemendur fari í sama leikinn í upphafi dags.

Bekkjarfundir – námskeið

Í október var haldið hagnýtt námskeið, fyrir kennara, um bekkjarfundi. Sérfræðingur frá Miðstöð skólaþróunar HA sá um námskeiðið. Mæting kennara á námskeiðið var góð og almenn ánægja var með það. Sérstaklega var rætt um að námskeiðið hafi verið hagnýtt, áhugavert og vel skipulagt. Námskeiðið var tvískipt þar sem fyrst var farið yfir hagnýta þætti í tengslum við bekkjarfundi og síðar var eftirfylgd með því hvernig námskeiðið nýttist í kennslu. Í mati kennara á námskeiðinu komu fram eftirfarandi þættir:

Veikleikar: Námskeiðið hefði mátt byrja fyrr um morguninn til að nýta vinnutíma kennara betur. Mögulega hefði einnig verið hægt að byrja síðar og ljúka deginum á námskeiðinu. Aðbúnaður í skólanum er ekki nægilega góður til að halda námskeið fyrir marga í einu þar sem salurinn er ekki nægilega vel útbúinn til setu í langan tíma. Stólar og borð ekki við hæfi til námskeiðshalds. Sérgreinakennarar, t.d. íþróttakennarar, telja að námskeið um bekkjarfundi muni ekki nýtast þeim.

Styrkleikar: Námskeiðið var hagnýtt, vel skipulagt, vel undirbúið, kennslumiðað og fyrirlesarinn/sérfræðingurinn góður. Fram komu gagnlegar dæmisögur/reynslusögur frá fyrirlesaranum/sérfræðingnum sem kveiktu áhuga þeirra sem voru á námskeiðinu og nýtast í kennslu. Tímaskipulagið var gott þar sem töluvert var um uppbrot og hópeflisleiki á milli fyrirlestra/kennslustunda. Einnig var gott að fá námsgögnin send í skólann til að nýta í starfi.

Úrbætur: Þegar námskeið sem þessi eru í boði fyrir kennara er mikilvægt að nýta tímann sem best. Byrja námskeiðið strax í upphafi vinnudags eða hafa það í lok dags. Huga þarf vel að rýminu sem námskeiðið er haldið í og þeim aðbúnaði sem er til staðar. Allt bendir til þess að skólastofur henti betur en salur skólans til námskeiðshalds. Þá þarf að nýta stofur sem eru nægilega stórar og/eða taka betur mið af fjölda einstaklinga sem sækja námskeið hverju sinni miðað við stærð rýmis. Fram kom tillaga um að nýta salinn en bæta aðbúnað (stóla og borð) þar sem námskeiðið var langt. Einnig var óskað eftir veitingum fyrir starfsfólk á námskeiðs- og starfsdögum.

Seinni hluti námskeiðsins var haldinn í byrjun janúar. Þá var tekið tillit til veikleika sem komu fram á fyrri hluta námskeiðsins. Settir voru stólar og borð sem hentuðu betur til námskeiðshalds og var tímasetning námskeiðsins í lok dags sem hentaði þátttakendum betur.

Styrkleikar seinni hlutans voru sömu og í fyrri hlutanum. Einnig kom fram mikilvægi þess að kennarar fái að tala saman, fá innsýn í það sem þeir eru að gera, hvað gekk vel og hvernig aðrir kennarar starfa, jafningjafræðsla.

Fram kom í veikleikum á eldra stigi að það hefði verið gott að hafa lengri tíma á milli námskeiðsdagana svo nemendur/kennarar hefðu fengið fleiri bekkjarfundartíma til að prófa þær aðferðir sem kenndar voru. Aðeins eitt teymi tók fram að námskeiðið hafi verið tímafrekt og frekar leiðinlegt.

Leiðir til úrbóta eru að vísa í gagnabanka og hafa námskeiðsdagana sniðna eftir stigum. Að öðru leyti var almenn ánægja með námskeiðið, fyrirlesarann og fyrirkomulag.

Árshátíð

Árshátíð Lundarskóla var 19. og 20. febrúar. Í ár voru tveir dagar fyrir árshátíðina og það reyndist gott að hafa tvo daga þar sem nemendafjöldi skólans er mikill. Nemendur mættu báða dagana í skólann ýmist til að sýna eða horfa á sýningu. Nemendur í 2. – 8. bekk voru með atriði á sviði, 10. bekkur sá um undirbúning, kaffisölu og unnu á árshátíðinni. 9. bekkur hafði hlutverk í Frístund og skiptu sér niður á vaktir þar. 1. bekkur horfði aðeins á árshátíðarsýninguna og var eini árgangurinn sem ekki hafði hlutverk. Frístund var í boði fyrir nemendur á endurgjalds f.h. báða dagana fyrir nemendur í 1. og 2. bekk.

Úrbætur: Laga tæknimál í salnum og gefa tæknimanni tækifæri á að æfa oftari með nemendum ekki bara á lokaæfingu. Auka samtarf við tónlistarskólann upp á undirleik og lengja tímann á lokaæfingu fyrir árshátíð. Einnig þarf að huga betur að nemendum sem ekki geta/hafa áhuga á því að taka þátt í sýningum. Finna leiðir og verkefni fyrir þessa nemendur.

Varðandi lengd sýninga þarf að passa upp á að hún sé ekki of löng og að allir áhorfendur fái sæti í salnum eða útbúa palla svo fólk sjái betur. Mögulega þarf að fjölga sýningum og allir árgangar verða að passa tímamörk. Gera þarf skipulag sem tekur mið af þessum þáttum sérstaklega ef á að fjölga atriðum á sýningu. Mikilvægt er að hafa upplýsingaflæði gott á milli stjórnenda, hátíðarnefnda, umsjónarkennara og allra starfsmanna í skólanum. Þessar upplýsingar þurfa að koma tímalega til allra.

Styrkleikar: Fram kom að gott sé að hafa tvo árshátíðardaga og almenn ánægja var með kaffihlaðborðið og skipulagið á því. Einnig kom fram að það væri gott að hafa stóla fyrir alla nemendur svo þeir þurfi ekki að sitja á gólfinu. Varðandi tímasetningar þá voru þær góðar og ekkert tíma stress á sýningunum í heild sinni.

Annað sem kom fram sem tengist árshátíðinni er hugmynd um að hætta þessum sýningum á sal. Vera með sýningu í stofum þar sem nemendur vinna með það sem styrkleikinn er mestur og kynna

það. Vera með kaffihlaðborð í salnum. Einnig kom fram að nemendur voru virkilega ánægðir með að vinna í frístund á árshátíðardeginum. Hefðu þó viljað fá aðeins nánari útlistun á verkefnum (hvað á ég að gera?) Hugmynd um að hafa 9. b. í frístund í tvær klukkustundir í senn.

Teymisvinna árganga

Lundarskóli er teymisskóli þar sem kennarar vinna í teyimum sem miða að faglegum vinnubrögðum og þróa með sér nýja þekkingu. Einnig er hún fólgin í samvinnu í samstilltum starfshópum sem hafa sameignlega sýn og markmið. Öll kennarateymi í skólanum leggja áherslu á námsumhverfis sem henta hverjum og einum nemanda. Fjölbreyttar kennsluaðferðir eru nýttar til að sinna þörfum sem flestra nemenda þar sem áherslur eru lagðar á sterkar hliðar hvers og eins. Jafnframt fá nemendur tækifæri til að þróa sjálfstæð vinnubrögð, eigin námsstíl og verklag í námi. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðun í námi og kennslu í öllum árgöngum og unnið að einstaklingsmiðuðum námsmatsaðferðum á öllum aldurstigum. Slíkar námsmatsaðferðir taka á fjölbreyttu námsmati hjá öllum árgöngum í flestum greinum. Matið fer fram í gegnum Mentor K3 þar sem markmið og mat á markmiðum með námi eru sýnileg foreldrum og nemendum. Lokamat fer einnig í gegnum Mentor K3 og þá fær hver nemandi vitnisburð eftir skólaárið bæði í rafrænu- og út prentuðu formi.

Umsjónarkennarateymi sjá um alla bóklega kennslu í hverjum árgangi fyrir sig auk sérkennslu í samstarfi við sérkennara skólans.. Með þessu deila kennara ábyrgð á nemendum, námi og kennslu í árgöngunum. Í skólanum starfa einnig teymi list- og verkgreinakennara og íþróttakennara. Hvert teymi fyrir sig sér um skipulag á námi og kennslu í þessum greinum . Heill árgangur fer ávallt saman í list- og verkgreinar ásamt íþróttir. Sund er skipulagt sérstaklega í samræmi við afnot af sundlauginni. Öll teymi skólans kynntu starf sitt í vetur á innanhús þingi í maí og skiluðu ítarlegum skýrslum um nám, kennslu, skipulag og framþróun í starfi á lokað svæði skólans og eru þær aðgengilegar starfsfólki hans.

Nefndir/teymi og þróunarhópar

Í skólanum eru starfandi nefndir/teymi sem hlúa að og styðja við verkefni sem tengjast stefnu skólans, uppbroti í skólastarfi, mati, öryggi og jafnrétti. Einnig eru þróunarhópa starfandi í skólanum sem stuðla að framþróun í skólastarfi og miða að aukinni þekkingu og færni kennara í starf.

Þróunarhóparnir hafa lagt áherslu á framþróun í stærðfræðikennslu, tækni í námi hjá 1. og 2. bekk, læsi til náms. Einnig hefur hópur kennara tekið þátt í Erasmus Plus samstarfsverkefni. Hér má sjá skýrslur nefnda og þróunarhópa í Lundaskóla þar sem hver nefnd skrifaði og bar ábyrgð á skýrsluskrfifum.

SMT í Lundarskóla

Teymi: Alda Stefánsdóttir, Elías Gunnar Þorbjörnsson, Íris Ósk Tryggvadóttir og Særún Guðgeirsdóttir

Hvað var gert í vetur: SMT teymið var lítið virkt í vetur. Fundir voru slitrótir og fundartímar ekki nógu markvissir. Teymið vann þó að gátlistum og einkunnarorð skólans voru ger sýnileg á veggjum skólans. Teymið sá um að undirbúa 100 miða leikinn og umbunina sem var nú í maí. Einnig sá teymið um að gera árhjólíð fyrir næsta vetur og að útbúa SMT kennslumöppur með gögnum sem voru settar á stig og svæði starfsfólks. Útbúin var skýr verkskipting fyrir næsta vetur.

Hvað gekk vel: Ekki er gott að meta svo slitrót starf en það sem gert var gekk nokkuð vel.

Hvað þarf að bæta: Að hafa verkskiptingu skýra, hafa fastan fundartíma og fá fólk af öllum skólastigum í teymið. Að gæta þess að teymið þekki stefnuna það vel að það geti verið öðru starfsfólki, kennurum og nemendum hvatning. Mikilvægt er að gestir og þeir sem koma í skólann okkar sjái á hegðun nemenda og að farið sé að ákveðnum reglum án þess að þekkja reglurnar sjálfar. Það sýnir góðan skólabrag. Nauðsynlegt er að tengja unglíngastig betur að SMT bæði nemendur og kennara, breyta orðræðu og gæta þess að stefnan, reglurnar og þeir þættir sem taka á fyrir rými við þau og þær aðstæður sem þau eru í.

Leiðir að úrbótum: Að virkja þá sem starfa í þessu teymi með því að gefa rými til lestur og skilnings á stefnunni, umræður fundir með öðrum SMT teyimum, með því næst skilningur og þekking á SMT skólastefnunni sem skilar sér svo til annarra starfsmanna. Þá þarf að gæta þess að fundartíminn skarist ekki á við annað skólastarf og teymismeðlimir geti mætt á fundartíma. Þá er gott að það sé rætt hver á að sinna hvaða hlutverki ef fundarmeðlimur er fjarverandi í lengri tíma. Muna svo að þetta er ekki kvöð heldur góð leið til að styrkja sig í að þekkja innihald stefnu skólans og vera góð fyrirmynd í starfi.

Heilsueflandi grunnskóli

Teymi: Alda Bjarnadóttir, Ásgrímur Ingi Arngrímsson, Birgitta Guðjónsdóttir, Elfar Árni Aðalsteinnsson. Sigrún Kristín Jónsdóttir, Valgarður Reynisson.

Hvað var gert í vetur: Í upphafi skólaárs var ákveðið að ljúka þeim þáttum sem við höfum verið að vinna að fram að þessu í stað þess að byrja á nýjum. Við yfirfórum gátlista Heilsueflandi grunnskóla og eru þeir skráðir á Heilsueflandi.is eins og staðan er í dag.

Í ár hefur verið unnið í að klára heilsustefnu Lundarskóla. Stefnan er tilbúin frá Heilsueflandi nefndinni til samþykkis í skólasamfélagi https://drive.google.com/file/d/14VuUNr2h3K2N1AG_anuk6JO28BccE2jY/view. Heilsueflandi-flipinn á heimasíðu skólans er í vinnslu. Þar eru góðar upplýsingar sem þarf að uppfæra þannig að þær verða tímalausar. Ekki náðist að ljúka þessu verkefni. Einnig hefur nefndin unnið að því að gera heimasíðu

skólans á heilsueflandi.is skýrari og læsilegri. Nefndin hélt utan um verkefnið „Hjólað í vinnuna“ 8. - 28. maí og Göngum eða hjólum í skólann 20. - 24. maí. Skemmst er frá því að segja að 1. bekkur vann og fékk bikar afhentan 3. júní.

Öllu starfsfólki skólans stendur til boða að fara í Joga Nidra á Knarrarbergi á starfsdegi 5. júní í boði Heilsueflandi og er það greitt af styrk sem skólinn fékk fyrir þremur árum.

Hvað þarf að bæta: Að allir nefndarmenn mæti á fundi og séu virkir í störfum nefndarinnar.

Það hafði áhrif á störf nefndarinnar að íþróttakennarar voru að kenna þegar fundartími hófst.

Leiðir að úrbótum: Að passa það að þeir sem eru í nefndinni séu ekki að kenna á fundartíma.

Hugmyndir og leiðir að starfs- og skólaþróun: Nefndin telur farsælt fyrir skólann að auka samvinnu við alla kennara og starfsmenn skólans og gera þannig fleiri ábyrga í verkefninu líkt og gert er í SMT-inu.

Læsi til náms

Teymi: Aðalheiður, Erna Rún, Fjóla, Friðrika, Hafdís og Hildur

Hvað var gert í vetur:

- Í vetur hittum við reglulega þær Sigríði Ingadóttur og Rannveigu Oddsdóttur frá Háskólanum á Akureyri. Í upphafi vetrar voru línur lagðar. Sigríður kynnti sínar tillögur um ramma vetrarins og kennarar voru einnig hvattir til að koma með óskir um hvernig þeir gætu nýtt krafta ráðgjafana í sína þágu.
- Á vorönn kom Írís Hrönn, einnig ráðgjafi hjá HA, og stýrði sameiginlegri vinnu með teymum 1. 2. 3. og 5. bekkjar í upplýsingatækni.
- Aðferðir Byrjendalæsis voru hafðar í forgrunni en kennarar teymanna voru með mismikla reynslu af því.
- Fyrsta verkefni vetrarins var að vinna krossáætlun út frá því þema sem lá fyrir skv. námsáætlun. Áætlunin og nálgunin var síðan rædd og krufin. Nokkrar slíkar áætlarnir voru síðan yfir veturinn.
- Síðar á önninni var farið var yfir hlutverkin í Byrjendalæsinu og lögð áhersla á að nota þau í lestri og lesskilningi.
- Á óskalista nefndarmeðlima voru leiðir til að auka áhuga á lestri og hvernig nýta mætti lestrarstundir betur. Í kjölfarið huguðu kennarar að skipulagi lestrarstunda og breyting gerð. Lesefni var gert sýnilegra og aðgengilegra og kennarar reyndu að bæta við yndislestrarstundum. Því miður gekk ekki nógu vel að aðskilja yndislestur og upplestur nemanda fyrir kennara.
- Annað sem kennarar vildu fá leiðsögn með, var ritunarkennsla yngri barna. Í kjölfar þess kynnti Rannveigi Oddsdótti ýmsar leiðir um ritun yngri barna. Á fyrri hluta vorannar var lögð áframhaldandi áhersla á ritun. Kennarar fóru m.a. á ritunarnámskeið í HA og á kynningu á

doktorsverkefni Rannveigar Oddsdóttur í HA. Einnig fóru kennarar á kynningu á þróunarverkefni í ritun og miðlun í Síðuskóla.

- Á síðari hluta vorannar fengum við innsýn í upplýsingatæknina með 1. og 2. bekk. Fengum að m.a. að prófa okkur áfram með hugtakortagerð.

Hvað gekk vel: Ráðgjöf frá HA kom beint inn í skólann og var mjög sniðin að þörfum teymanna. Nálægð við ráðgjafa var mikil og einstaklingsmiðuð. Það nýttist mjög vel í áætlanagerð og kennslu. Við mælum með þessu vinnulagi.

Hvað þarf að bæta: Hópurinn var mjög fámennur, í honum voru aðeins kennarar úr tveimur árgöngum og aðallega úr 3. bekkjar teyminu. Ráðgjöfin hefði getað nýst mun fleiri teyimum ef hópurinn hefði verið stærri og aukið fjölbreytni umræðu á læsisfundum.

Leiðir að úrbótum: Að hafa kennarahópin stærri og fjölbreyttari. Það væri e.t.v. hægt að miðla til annarra því sem gert er á fundunum – spurning hvernig því væri viðkomið. Þá nýttist þróunarvinnan fleirum.

Hugmyndir og leiðir að starfs- og skólaþróun: Halda áfram samstarfi við Háskólann á Akureyri og miðla enn betur hugmyndum á milli árganga.

Samstarfsverkefni Erasmus Plus og Nord Plus Junior

Teymið: Jón Aðalsteinn Brynjólfsson, Þröstur Már Pálmason, Helga Guðrún Magnúsdóttir, Kristín Björnsdóttir Jensen og Elías Gunnar Þorbjörnsson. Verkefnin eru tvö, annars vegar Nordplus verkefni til tveggja ára og hins vegar Erasmus verkefni sem er einnig til tveggja ára en Jón Aðalsteinn er að stýra því verkefni.

Þátttökulöndin í Nordplus verkefninu eru: Ísland, Finnland, Lettland og Litháen og er þemað *Developing Entrepreneurial Leadership*. Verkefnið byrjaði á heimsókn landanna til Íslands í október 2018. Þar var megin áhersla lögð á ýmis konar hópefli til að hrista hópinn saman en við fengum líka fræðslu á vegum Háskólans á Akureyri, fórum í heimsókn á frumkvöðlasetrið, fengum fyrirlestra frá frumkvöðlum þ.á.m. Maríu Pálsdóttur. Einnig fórum við í dagsferð í Mývatnssveit þar sem náttúruperlur voru skoðaðar og endaði dagurinn á ferð í jarðböðin. Foreldrar nemanda tóku virkan þátt í dagskránni með okkur og buðu m.a. erlendu nemendunum upp á hvalaskoðun. Heilt yfir gekk vikan mjög vel en dagskráin hefði e.t.v. mátt vera aðeins lengri ef miðað er við þær ferðir sem við höfum farið í. Það hefði mátt bæta við einhvers konar hópavinnu og huga betur að skipulagningu á mati nemenda á ferðinni.

Í maí fóru Þröstur Már og Helga Guðrún til Mažeikiai, Litháen með tíu 10. bekkinga. Fyrir ferðina áttu nemendur að taka viðtal við frumkvöðul í heimabyggð en í ferðinni var unnið nánar með viðtölin frá öllum þátttökulöndunum þar sem nemendur þurftu að ígrunda og bera saman svörin. Dagskráin var mjög fjölbreytt, t.d. fóru nemendur í kennslustund í litháensku, fengu fræðslu um sögu Litháen og tóku þátt í elda þjóðarrétti þátttökulandanna. Farið var í ýmsar skoðunarferðir til

nærleggjandi bæja, Telsai og Klaipeda þar sem við fengum m.a. leiðsögn um ákveðin svæði og fórum á Amber safnið. Ferðin gekk mjög vel í alla staði og voru nemendur til fyrirmyndar. Dagskrá vikunnar var ansi þétt og mikil en dagarnir voru stundum fullangir fyrir 15 ára unglina. Einnig var oft á tíðum ansi langt á milli máltíða fyrir okkur miðað við okkar matarmenningu en hún er að sjálfsögðu mismunandi á milli þjóða. Mikilvægt er að huga vel að skipulagningu á ferðalögum sem þessum. Í þessari ferð var ferðalagið ansi strembið þar sem lagt var af stað frá Lundarskóla kl. 12 og komið til Mazeikiai um rúmlega 7 morguninn eftir en dagskráin átti að hefjast kl. 9. Við fengum þó að sofa til hádegis og hefja dagskránnu þá en það gerði það að verkum að við misstum af mjög skemmtilegri móttökuathöfn.

Næstu ferðir eru á dagskrá 29. september – 6. október en þá verður farið til Finnlands með tvo nemendur úr 10. bekk og átta nemendur úr 9. bekk. Við munum svo ljúka verkefninu í Lettlandi 8. – 15. mars með 6 nemendur úr 10. bekk.

Þátttökulöndin í Erasmus verkefninu eru: Ísland, Eistland, Tékkland, Svíþjóð og Slóvenía en þemað í því verkefni er *Brownfield sites and Sustainable development*. Verkefnið byrjaði á nemendalausri heimsókn til Slóveníu í nóvember en það var eins konar skipulagsfundur þar sem Jón Aðalsteinn og Elías Gunnar fóru fyrir hönd Lundarskóla. Næsta ferð var svo farin til Prag í Tékklandi í byrjun febrúar þar sem Þröstur Már og Helga Guðrún fóru með fjórar 10. bekkjar stelpur. Í þessari ferð var lögð áhersla á að skoða þekkt Brownfield svæði í Prag ásamt ýmis konar verklegum æfingum og tilraunum sem snérust um að greina ýmis efni í vatni og náttúru. Einnig fórum við í ýmsa skoðunartúra um borgina þar sem við fengum góða leiðsögn, skoðuðum kastalann, fórum í dýragarðinn og heimsóttum glerverksmiðju. Ferðin gekk mjög vel og stelpurnar stóðu sig frábærlega. Dagskráin var mjög þétt en dagarnir byrjuðu yfirleitt kl. 8 um morguninn og stóðu til kl. 20-21 á kvöldin. Þetta var frekar erfitt sér í lagi þar sem ferðalagið út til Prag gekk ekki skv. áætlun þar sem við lentum í 9 tíma seinkun í Kaupmannahöfn og mættum við því ósofin í fyrsta dagskrárliðinn á mánudagsmorgun.

Næst var komið að ferð til Eistlands í maí en þangað fóru Jón Aðalsteinn og Kristín Björnsdóttir Jensen með fjóra nemendur úr 9. bekk. Þar var ýmislegt skoðað þ.á.m. var hlustað á sérfræðing fjalla um votlendi og framleiðslu þess á metan. Einnig voru brownfield svæði skoðuð m.a. risastórt svæði með brúnum ökrum. Ferðin gekk vel og nemendur stóðu sig með sóma. Ferðalagið út var langt og strangt en það var hvíldardagur daginn eftir.

Næsta ferð í þessu verkefni er heimsóknin til okkar sem verður 6. -12. október. Þar þurfum við að skipuleggja 5 daga dagskrá með áherslu á upplýsingatækni, búa til bækling eða fréttabréf. Hugsanlega færur við ferðina til Mývatns framur í vikunni. Dagskrá skýrist í september. Verkefninu lýkur svo í Svíþjóð en sú ferð verður 29. mars – 4. apríl. Hugsanlega verður hún færð fram til maí en það kemur í ljós síðar.

Það er ýmislegt sem þarf að huga betur að fyrir komandi ferðir og heimsóknir en það eru m.a. eftirfarandi atriði:

Lengja frekar ferðina um einn dag frekar en að eyða öllum deginum í langt ferðalag og mæta óhvíld til leiks í fyrsta daginn í dagskránni. Það er alveg hægt að gleyma hugmyndinni að sofa á leiðinni þar sem það er yfirleitt vonlaust. Það geta alltaf orðið tafir og því er betra að hafa meiri tíma og þá jafnvel einn hvíldardag áður en öll vinnan hefst.

Í heimsókninni nk. október er Jón Aðalsteinn stjórnandi verkefnisins og því þarf hann að vera laus frá allri kennslu þá viku vegna fyrri reynslu.

Segja við okkar börn að tala við kennarana fyrst ef eitthvað kemur fyrir en ekki hringja beint í foreldra og ýkja um helming hvað gerðist.

Verðum að leggja meiri áherslu á þau nesti sig vel og vandlega ef einhver töf verður. Eins í dagskránni í útlöndum að fá nesti að heiman því oft er alltof langt á milli máltíða.

Tækni í námi 1. og 2. bekkjar

Teymi: 1.b.: Ásdís Sif, Elfa Rán, Kitty og Rósa. 2.b.:Hrafnhildur Una og Margrét Rún

Hvað var gert í vetur: Íris Hrönn frá Miðstöð skólaþróunar HA kom og hitti okkur

Námsefni: Í 1. Bekk fengu kennarar fræðslu um Book creator, Osmo, þrívíddarbækur, qr-kóða, Simple mind, Kahoot, Bitsboard o.fl. Nemendur kynntust aðeins Osmo og Kahoot.

Í 2. Bekk kynntust nemendur og kennarar eftirfarandi:

- Book creator: börnin kynntust því aðeins í haust.
- Osmo: á vorönn var osmo mikið notað, ca 1-2x í viku m.a. í þemum. Notað í lestrar- og stærðfræðikennslu.
- Þrívíddarbækur, nem. kynntust þessu
- qr-kóðar – notaðir mikið í stærðfræði
- Toontastic – sögugerð við kennslu á upphaf, miðja og endir
- Simple mind – hugtakakort
- Wordsalad
- Kahoot, t.d. í lok þema
- Bitsboard, komst aldrei í notkun vegna tæknilegra örðugleika
- Nemendur voru áhugsamir og þeir eiga auðvelt með að tileinka sér þessa námsleið.
- Osmo notuðum við mest í vetur. Það er auðvelt í notkun og nemendur virkir.
- Notað á stöðvum eða í smærri hópum.
- Qr - kóðar mikið notaðir, mest tengt stærðfræði.
- Munaði miklu að geta gripið í tölvurnar þegar hentaði þ.e. hafa þær á ganginum.
- Við höfum áhuga á að halda áfram samvinnunni við HA.
- Við munum halda áfram að nota þessi smáforrit næsta vetur og læra enn betur á þau ásamt því að kynnast fleirum.

Hvað gekk vel: 1.b. Reyndist erfitt að koma þessu við í 1. bekk sökum stærð bekkjar og anna.

Við höfum áhuga á að halda áfram samvinnunni við HA. Kennslan sem við fengum frá HA var mjög vel undirbúin og lærðum við alltaf mikið af Írisi þegar hún kom

2.b. Kennslan sem við fengum frá HA var mjög vel undirbúin og lærðum við alltaf mikið af Írisi þegar hún kom. Nemendur í 2.b. voru mjög áhugasamir og þeir sem vinna gjarnan lítið tóku þátt og unnu það sem fyrir þá var lagt. Osmo og qr-kóða notuðum við 1-2 sinnum í viku. Mjög þægilegt í notkun, börnin fljót að ná hvað átti að gera. Einnig er mjög einfalt að finna/búa til verkefni sem henta þemanu hverju sinni.

Hvað þarf að bæta: Við teljum nauðsynlegt að geta kastað upp af spjaldtölvunni á skjávarpa. Best væri að vera með aðeins eina tegund af tölvum, ekki bæði android og apple. Það eykur flækjustigið.

Það er líka nauðsynlegt að hafa skýr markmið fyrir næsta vetur. Við teljum okkur þurfa aðstoð við að setja þau niður og afmarka okkur.

Leiðir að úrbótum: Að tækjabúnaður sé til staðar svo hægt sé að kasta upp af spjaldtölvu, fá Atla tölvukennara með okkur í lið. Fá þær hjá HA til að hjálpa okkur við markmiðssetningu. Heimsóknir í aðra skóla og fá þá sem eru lengra komnir í heimsókn til okkar.

Eineltis- og lausnateymi

Á skólaárinu unnu Eineltis- og lausnateymi saman í einu teymi. Í teyminu voru Helga Ragnheiður Gunnlaugsdóttir, Dagný Elfa Birnisdóttir og Kristín Irene Valdemarsdóttir. Lagt var upp með fund einu sinni til tvisvar sinnum í mánuði en stundum leið lengra á milli funda. Fundartímar stóðu í einn til einn og hálfan klukkutíma.

Á skólaárinu bárust teyminu þrjár umsóknir. Ein umsókn fyrir nemanda á yngsta stigi og hinar tvær fyrir nemendur á miðstigi. Þá var leitað ráðgjafar hjá „stóra“ lausnateyminu fyrir eina af þessum umsóknum. Í framhaldinu komu ábendingar og tillögur frá Guðbjörgu Ingimundardóttur sem voru nýttar fyrir þennan tiltekna nemanda. Það sem var gert í framhaldinu var að funda með öllum kennurum sem kenna þessum nemanda og samræma viðbrögð við bæði jákvæðri og neikvæðri hegðun, funda með foreldrum og fylgja öllum ákvörðunum vel eftir.

Þegar að kennarar höfðu skilað til teymisins SMT-þríhyrningnum útfylltum var skoðað hvort og hvaða vinna væri í gangi með nemendur í efsta laginu. Ef ekkert var í gangi var skoðað hvað þyrfti að gera. Flestir þeir sem voru í efsta laginu voru í einhvers konar ferli innan skólans eða utan.

Nemendurnir voru í reglulegum viðtölum hjá námsráðgjafa, umbunakerfi sett upp, tékk-in/tékk-out og lagt upp með mikið samstarf við foreldra (fundir og símtöl). Þá var sótt um nánari eftirgrennslan á líðan til Akureyrarbæjar fyrir ákveðna nemendur. Eineltis- og lausnateymi var auk þess í miklum samskiptum við kennara umræddra nemenda. Þá hafði teymið til umfjöllunar málefni nemenda með skólaforðunarvanda en nokkur slík tilfelli komu inn á borð teymisins á þessu skólaári. Það voru haldnir fundir með nemendum og foreldrum, gerðir samningar um mætingar, námsefni

aðlagð o.fl. 2 nemendur voru í skólaúrræði í Rósenborg, Skólasmíðju og það lá inni umsókn fyrir 2 til viðbótar.

Líðan- og tengslakönnun var lögð fyrir í flestum bekkjardeildum tvisvar sinnum á skólaárinu, með örlítið breyttu sniði frá síðasta skólaári. Þá var hún lögð fyrir rafrænt á mið- og unglíngastigi en á pappírformi í 1. – 3. bekk. Niðurstöðurnar voru nýttar m.a. til að breyta í hópum, meta líðan tiltekinn nemenda, skoða félagslega stöðu og hvar tækifæri til að laga félagslega stöðu nemenda lægi. Þá var einnig leitað til Félagsmiðstöðvarinnar í Rósenborg með hópastarf fyrir ákveðna nemendur.

Á skólaárinu voru tveir sameiginlegir fundir með Eineltis- og lausnateymum í öðrum skólum og auk þess fóru tveir nefndarmenn á stóra SMT-daginn sem haldinn var 2. nóvember hér á Akureyri. Þar fór fram gagnleg fræðsla sem eflaust nýtist á næstu árum.

Á næsta ári er í farvatninu að nýta virknimat meira innan teymisins til að skrá hegðun ákveðinna nemenda sem teljast til efsta lags þrífyrningsins.

Hátíðarnefnd

Teymi: Jóhannes, Vilborg, Heiðar, Sigríður og Þórhalla.

Hvað var gert í vetur: Nefndin var með fasta fundi þar til í febrúar auk óformlegra vinnufunda sem ekki voru skráðir, s.s. þegar unnið var að skipulagningu á æfingum á sviði fyrir árhátíð og fl. Töluvert var sent af póstum frá nefndinni vegna árhátíðar, bæði til stjórnenda og kennara. Í nóvember og desember var farið yfir hvernig á að standa að litlu jólum, s.s. hópastærðir, stjórnun á hvernig gengið er í kringum jólatré í salnum og helgileik hjá 1. bekk. Að vanda sá hátíðarnefndin um að halda utan um jólaskeytingar í sal og anddyri. Einnig sá nefndin um jólasveina sem voru á litlu jólum og setti upp tjöld á sviðið. Að venju sá nefndin um mat og samantekt á mati vegna litlu jóla og árhátíðar. Þá sá teymið um að setja upp tjöld á tengigangi og sviði fyrir árhátíð, í tvígang var farið og verslaðar inn förðunarvörur. Myndir settar upp á A-gangi, séð um lokaæfingu á sal, skilrúm sett upp í sal og stólum raðað. Foreldrar aðstoðaðir við hitun rétta, auk þess sem nefndin kom að frágangi eftir árhátíð. Í skólalok hefur nefndin séð um að stilla upp í salnum fyrir útskrift bæði hjá yngri og eldri bekkjum.

Hvað gekk vel: Fjölbreytt og skemmtileg atriði. Allar sýningar gengu vel. Þar sem fleiri árgangar sýndu komu fleiri aðstandendur á sýningar. Kynnar stóðu sig með miklum ágætum. Mjög gott að hafa fjórar sýningar og allar voru fjölsetnar. Almenn ánægja með kaffihlaðborð.

Hvað þarf að bæta: Lokaæfing gekk ekki vel þar sem hóparnir voru ekki nógu vel æfðir, því þarf að byrja æfingar fyrr í stofum. Lokaæfingin á að vera rennsli en ekki æfing þar sem leikstjóri er að stoppa til að leiðsegja.

Leiðir að úrbótum: Þar sem nefndin sér um að vinna niðurstöður úr mati eftir hverja árhátíð en lítið virðist vera lítið á það milli ára telur nefndin að það þurfi að taka tillit til þeirra úrbóta sem þar koma fram s.s. nýtt hljóðkerfi. Teymið gerir ráð fyrir að búa til nýja tékklista fyrir umsjónarkennara næsta

haust.

Hugmyndir og leiðir að starfs- og skólaþróun: Möguleiki á að hafa leikrit/atriði árs hátíðar tengd einu þema, s.s. hafið eða tengingu við Íslenska höfunda en það gæti hugsanlega auðveldað umsjónarkennurum að hafa afmarkað efni til að vinna með.

Niðurlag

Umbætur og þróun fyrir skólaárið 2019 – 2020 byggir á niðurstöðum úr innra mati skólaársins 2018 – 2019 ásamt áætlun um framþróun í skólastarfi í samræmi við stefnu og markmið skólans varðandi nám og kennslu, mannauð, stjórnun, skólabrag og sérstaka viðburði skv. skóladagatali innan skólans sem miða að skóla sem lærdómssamfélagi.

Langtímaáætlun varðandi innra mat hefur verið gerð í takt við starfs- og skólaþróun skóla sem miðar að lærdómssamfélagi. Áætlunin gildir til skólaársins 2022 – 2023. Samkvæmt áætluninni verða sumir þættir metnir ár hvert en aðrir annað hvert ár eða sjaldnar. Matsáætlunin verður kynnt fyrir starfsfólki á starfsdögum í ágúst en hefur hún nú þegar verið birt á heimasíðu skólans.

Í Lundarskóla er lögð áhersla á aukin vellíðan nemenda, árangur og ánægju í námi og kennslu, SMT skólafærni, heilsueflingu, foreldrasamstarf, fjölbreytta kennsluhætti, námsmat/frammistöðumat í gegnum Mentor K3, heilsueflingu, þróunarstarf, faglegt samstarf starfsfólks, samstarf milli skólastiga, skipulagða fundi, og aukið samstarf og gleði meðal starfsfólks.

Næsta skólaár verður áfram lögð áhersla á þessa þætti ásamt starfsþróun kennara í minni starfsþróunarhópum sem taka mið af áhuga hvers og eins. Fastanefndir verða starfandi við skólann sem eru Hátíðarnefnd, Eineltis- og lausnateymi, Heilsueflandi grunnskóli, SMT teymi, Öryggis og jafnréttisnefnd ásamt nefnd um innra mat.

Í niðurstöðum úr mati kom fram að almenn ánægja hefur ríkt með faglegt samstarf við Háskólann á Akureyri og stuðning sem skólinn hefur fengið frá þeim. Skólinn munum halda áfram þessu faglega samstafi og bæta í ef möguleiki er á og vilji er fyrir hendi. Mikilvægt er að huga að góðu skipulagi, upplýsingaflæði og gæta þess að allt starfsfólk fái tækifæri til nefndar- og þróunarstarfa, geti sótt fundi og viðburði sem tengjast skólasamfélaginu og framþróun í skólastarfi.